

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
FE-1145 Arctic Sea Farm hf. Tálknafjörður og Patreksfjörður (endurútgefið)	Suðurgötu 12 400 Ísafjörður	Egill Ólafsson Operational Manager SW Elvar Steinn Traustason Quality, License and Research Manager

Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	12.9.2023	20.12.2023	73,50	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 2 skoðunatriða af 21. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

19.1.2024

Alvarlegt frávik

Frávik

2.1.1 Rekstrarleyfi

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Sunnudaginn 20. ágúst 2023 tilkynnti Arctic Sea Farm um að tvö göt hefðu fundist á um tveggja metra dýpi í kví nr. 8 í Kvígindisdal. Götin voru um 20 x 30 cm og hlið við hlið. Um 75.000 fiskar voru í kvínni að meðalþygd 5.5 kg. Verið var að slátra upp úr kvínni og var síðast tekinn fiskur úr kvínni 8. ágúst 2023. Matvælastofnun hóf strax rannsókn á málinu og kallaði eftir köfunarskýrslum og fleiri gögnum sem varpað gætu ljósi á málið. Í ljós kom að fóðrari hafði verið færður að brún kvíarinnar en ekki fjarlægður, skv. verklagi fyrirtækisins, þegar slátrað var úr kvínni 8. ágúst. Þar var fóðrarinn til og með 20. ágúst og hafa tvö lóð sem hanga neðan úr fóðaranum nuddast í nótina og gert götin. Jafnframt kom í ljós að ekki hafði verið viðhaft neðansjávareftirlit við kvínnu frá 16. maí til og með 20. ágúst eða í 95 daga.

Hafrannsóknarstofnun kannaði kynþroska laxa í kví nr. 8 og reyndist kynþroski vera 35%. Á sama tíma var jafn gamall fiskur frá öðrum rekstrarleyfishafa, sem fór út sem seiði á sama tíma og fiskurinn í Kvígindisdal, kannaður og reyndist kynþroski þeirra fiska vera 0%. Leiða má líkum að því að ljósastýring sem á að viðhafa samkvæmt skilyrðum í rekstrarleyfi hafi misfarist hjá Arctic Sea Farm á eldissvæðinu við Kvígindisdal.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. Tálknafjörður og Patreksfjörður
(endurútgefið)
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Stein Ove Tveiten	8439900	sot@afish.is	Framkvæmdastjóri
Elvar Steinn Traustason	6936326	et@afish.is	Quality license & research manager
Egill Ólafsson	8690877	egill@afish.is	Rekstrarstjóri Sjóeldis

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 20.12.2023

Alvarlegt frávik

Ljósastýringu var ekki sinnt í samræmi við skilyrði í rekstrarleyfi á eldissvæðinu við Kvígindisdal.

Tryggja skal að ljósastýring sé í samræmi við skilyrði í rekstrarleyfi á öllum tímum.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 20.12.2023

Alvarlegt frávik

Neðansjávareftirliti var ekki sinnt við kví nr. 8 í 95 daga. Samkvæmt verklagi í gæðahandbók á að skoða kvíar neðansjár á 60 daga fresti.

Fóðrari var skilinn eftir við jaðar kvíar nr. 8 á eldissvæðinu Kvígindisdal. Tvö lóð hengu neðan úr fóðaranum og gerðu göt á kvínna. Samkvæmt verklagi fyrirtækisins hefði átt að fjarlægja fóðarann úr kvínni þegar slátrun fór fram 8. ágúst 2023.

Tryggja skal að farið sé eftir innra verklagi og að innra eftirlit sé í samræmi við kröfur þar af lútandi.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókváeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.